

HS Veitur hf.
Samandreginn árshlutareikningur
30. júní 2010

HS Veitur hf.
Brekustíg 36
260 Reykjanesbær

Kt. 431208-0590

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	4
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Félagið var stofnað 1. desember 2008 en starfsemi þess hófst 1. janúar 2009 í kjölfar skiptingar á Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf.

Samandreginn árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2010 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 2.073 millj. kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2010 og hagnaður tímabilsins var 91 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 16.734 millj. kr. í lok júní 2010 (í árslok 2009: 16.795 millj. kr.). Eigið fé nam 8.539 millj. kr. í lok júní 2010 (í árslok 2009: 8.543 millj. kr.) eða 51,0% af heildarjármagni (í árslok 2009: 50,9%).

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjórnar er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2010 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2010.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2010 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 27. ágúst 2010

Stjórn:

Böðvar Jónsson

Guðný Kristjánsdóttir

Guðbrandur Einarsson

Eyjólfur Sæmundsson

Glúmur Jón Björnsson

Björk Guðjónsdóttir

Þorsteinn Erlingsson

Forstjóri:

Júlíus Jónsson

Aðstoðarforstjóri:

Albert Albertsson

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar HS Veitna hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2010 til 30. júní 2010. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34, árs hlutareikningsskil eins og hann hefur samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2010 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við IAS 34, árs hlutareikningsskil, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 27. ágúst 2010.

Deloitte hf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2010

	Skýr.	2010 1.1. - 30.6	2009 1.1. - 30.6
Rekstrartekjur		2.073.340	1.954.146
Kostnaðarverð sólu	(1.459.562)	(1.389.155)
Vergur hagnaður		613.778	564.991
Annar rekstrarkostnaður	(196.272)	(255.551)
Rekstrarhagnaður		417.506	309.440
Fjármunatekjur		22.539	33.571
Fjármagnsgjöld	(342.945)	(402.834)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6	(320.406)	(369.263)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		97.100	(59.823)
Tekjuskattur	(5.787)	16.449
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>91.313</u>	<u>(43.374)</u>
Hagnaður (tap) á hlut			
Grunnhagnaður (tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut		0,07	(0,03)

Engar tekjur eða gjöld eru færð beint á eigið fé á tímabilinu.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársþlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2010

	Skýr.	30.6.2010	31.12.2009
Eignir			
Rekstrarfjármunir		14.737.917	14.689.588
Óefnislegar eignir		554.584	562.861
Eignarhlutir í félögum		11.837	13.732
Fastafjármunir samtals		<u>15.304.338</u>	<u>15.266.181</u>
Rekstrarvörubirgðir		253.083	276.722
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		723.655	803.587
Handbært fé		453.510	448.442
Veltufjármunir samtals		<u>1.430.248</u>	<u>1.528.751</u>
Eignir samtals		<u><u>16.734.586</u></u>	<u><u>16.794.932</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.336.429	1.336.429
Lögbundinn varasjóður		334.107	334.107
Óráðstafað eigið fé		6.868.803	6.872.490
Eigið fé samtals		<u>8.539.339</u>	<u>8.543.026</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	7	6.201.524	6.620.008
Tekjuskattsskuldbinding		631.412	625.625
Fyrirfram innheimtar tekjur		594.374	607.284
Aðrar langtímaskuldir	8	106.520	82.798
Langtímaskuldir samtals		<u>7.533.830</u>	<u>7.935.715</u>
Vaxtaberandi skuldir	7	57.960	90.398
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		539.199	162.860
Fyrirfram innheimtar tekjur		64.258	62.933
Skammtímaskuldir samtals		<u>661.417</u>	<u>316.191</u>
Skuldir samtals		<u>8.195.247</u>	<u>8.251.906</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>16.734.586</u></u>	<u><u>16.794.932</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2010

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar - 30. júní 2009				
Eigið fé 1. janúar 2009	1.336.429	334.107	7.127.132	8.797.668
Tap tímabilsins			(43.374)	(43.374)
Eigið fé 30. júní 2009	<u>1.336.429</u>	<u>334.107</u>	<u>7.083.758</u>	<u>8.754.294</u>
1. janúar - 30. júní 2010				
Eigið fé 1. janúar 2010	1.336.429	334.107	6.872.490	8.543.026
Greiddur arður á tímabilinu			(95.000)	(95.000)
Hagnaður tímabilsins			91.313	91.313
Eigið fé 30. júní 2010	<u>1.336.429</u>	<u>334.107</u>	<u>6.868.803</u>	<u>8.539.339</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur HS Veitna hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2009.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 27. ágúst 2010.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2009. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.hsveitur.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að eignarhlutir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

a. Tekjur

Rekstrartekjur

Tekjur af dreifingu á raforku og sala og dreifing á vatni ásamt orkuflutningi eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð út frá fyrri reynslu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu á vöru eða þjónustu.

Tekjurammi

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu, afskrift rekstrarfjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi eigin fjár m.a. við markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa, fyrir vexti og skatta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkudreifingu á dreifiveitusvæði félagsins.

Tengigjöld

Við tengingu á nýjum húsum við dreifikerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra dreifikerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 árum. Tengigjöld sem ekki hafa verið tekjufærð eru færð sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningnum.

b. Rekstrarleigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

c. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gagnvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýmun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Skýringar, frh.:

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Tekjuskattur

Tekjuskattur tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

e. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

f. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti innan félagsins. Við rekstrarlegar ákvarðanir byggja stjórnendur félagsins eftir því sem við á á tiltækum fjárhagslegum upplýsingum um starfspætti og leggja mat á afkomu einstakra starfspátta.

Afcoma starfspátta innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengjast beint viðkomandi starfspætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfspætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfspætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

g. Framsetning reikningsskilanna

Í ársbyrjun 2009 tók gildi endurbættur staðall IAS 1 um framsetningu reikningsskila. Áhrif hans á árshlutareikninginn eru þau að tekjur og gjöld sem áður voru færð annaðhvort í rekstrarreikning eða á eigið fé eru nú færð í einu yfirliti er nefnist yfirlit um heildarafkomu. Breytingin hefur aðeins áhrif á framsetningu og hreyfir ekki kennitöluna hagnað á hlut.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Skýringar, frh.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2010					
Rekstrartekjur samtals	1.082.028	687.099	207.385	96.828	2.073.340
Rekstrarafkoma starfspátta	266.099	93.328	53.284	4.795	417.506
Óskiptir liðir					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(320.406)	
Tekjuskattur				(5.787)	
Hagnaður tímabilsins					91.313
Eignir starfspátta	9.469.685	3.385.914	2.307.234	129.666	15.292.499
Óskiptar eignir					1.442.087
Eignir samtals					16.734.586
Fjárfestingar	221.866	40.368	26.844		289.078
Afskriftir	157.223	48.888	41.280	1.366	248.757
Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2009					
Rekstrartekjur samtals	1.009.499	674.299	173.886	96.462	1.954.146
Rekstrarafkoma starfspátta	126.121	143.076	49.836	(9.593)	309.440
Óskiptir liðir					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(369.263)	
Tekjuskattur				16.449	
Tap tímabilsins				(43.374)	
Eignir starfspátta	9.385.271	3.543.685	2.310.781	144.923	15.384.660
Óskiptar eignir					1.384.815
Eignir samtals					16.769.475
Fjárfestingar	163.807	24.487	16.209		204.503
Afskriftir	154.175	48.844	40.574	1.399	244.992

Skýringar, frh.:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2010	2009
	1.1.- 30.6.	1.1.- 30.6.
Vaxtatekjur	22.539	33.571
Fjármunatekjur samtals	<u>22.539</u>	<u>33.571</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	342.841	401.852
Gengistap	104	982
Fjármagnsgjöld samtals	<u>342.945</u>	<u>402.834</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(320.406)	(369.263)

7. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðaverði, greinast þannig:

	30.6.2010	31.12.2009
Langtímaskuldir		
Óveðtryggð bankalán	120.118	143.745
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum	6.139.366	6.532.252
Önnur óveðtryggð lán	0	34.409
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(57.960)	(90.398)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	<u>6.201.524</u>	<u>6.620.008</u>
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun langtímaskulda	57.960	90.398
Vaxtaberandi skuldir samtals	<u>6.259.484</u>	<u>6.710.406</u>

Skilmálar vaxtaberandi skulda

	Lokagjalddagi	30.6.2010		31.12.2009	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir í ISK ...	2011-2018	5,3%	<u>6.259.484</u>	5,3%	<u>6.710.406</u>
Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:				30.6.2010	31.12.2009
Afborganir 1.7.2010-30.6.2011/2010				57.960	90.398
Afborganir 1.7.2011-30.6.2012/2011				44.411	55.673
Afborganir 1.7.2012-30.6.2013/2012				17.156	30.824
Afborganir 1.7.2013-30.6.2014/2013				592	1.572
Afborganir 1.7.2013-30.6.2014/2018				6.139.365	6.531.939
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun				<u>6.259.484</u>	<u>6.710.406</u>

8. Aðrar langtímaskuldir

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf. samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Félagið tekur þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. og nam hlutdeild þess á tímabilinu 23,7 millj. kr. Í lok tímabilsins nam heildar hlutdeild félagsins í lífeyrisskuldbindingu HS Orku hf. alls að fjárhæð 107 millj. kr. og er hún færð í efnahagsreikningi félagsins undir öðrum langtímaskuldum. Hlutdeild félagsins í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. er greidd með álagi á keypta þjónustu af HS Orku hf.

9. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 9.449 millj. kr. í árslok 2009. Um er að ræða hámarks skuldbindingu og útreikningur á mögulegri lækkun skuldbindingarinnar hefur ekki farið fram.

10. Tengdir aðilar

Eigendur með yfir 25% eignarhlut, HS Orka hf., stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Félagið seldi eigendum með yfir 25% eignarhlut vörur og þjónustu fyrir 81 millj. kr. með virðisaukaskatti á tímabilinu.

Félagið keypti á tímabilinu vörur og þjónustu af HS Orku hf. fyrir 1.030 millj. kr. með virðisaukaskatti á tímabilinu.

Félagið seldi á tímabilinu vörur og þjónustu til HS Orku hf. fyrir 16 millj. kr. með virðisaukaskatti á tímabilinu.

11. Kennitölur

	30.6.2010	31.12.2009
Veltufjárhlutfall	2,16	4,83
Eiginfjárhlutfall	51,0%	50,9%